

## Skólaráð.

Fundur 5.5.2010

Fundinn sátu:

Dagný Annasdóttir skólastjóri, Jóhann A. Kristjánsson aðstoðarskólastjóri, Auður Ásgeirsdóttir kennari, Halla Birgisdóttir kennari, Gerður Leifsdóttir kennari, Markús Sigurðsson foreldri, Ragnheiður Sigmarsdóttir foreldri, Haukur Guðmundsson nemandi og Karen Alda Mikaelsdóttir nemandi.

**Skóladagatal:** Skrifað var undir samþykkt skóladagatal Öskjuhlíðarskóla næsta vetur.

**Öryggiseftirlit:** JAK greindi frá skýrslu Öryggiseftirlitsins. Athugasemdum sem þar komu fram og hvernig stjórnendur skólans hyggjast bæta úr því sem þar var fundið að.

**Útskrift:** Dagný sagði frá útskrift nemenda 10. bekkjar og umsóknum um skólavist fyrir nýja nemendur. Allt útlit er fyrir að nemendafjöldinn verði svipaður næsta vetur og verið hefur í vetur.

**Breytingar:** Dagný sagði frá breytingum sem verið er að framkvæma í skólanum en verið er að setja brautir í loft skynörvunaraðstöðunnar. Þessi breyting mun léttastarfsfólki vinnuna við að lyfta nemendum og að færa þá milli staða. Þá er einnig verið að undirbúa stækkun nemendasalerna í eldri byggingu skólans og skapa þar aðstöðu svo að hægt sé að sinna líkamlega fötluðum börnum.

**Dauðsföll:** Dagný greindi frá viðbrögðum í skólanum við andláti og jarðarförum Alexíu Bartolozzi nemanda í 9. bekk og Álfheiðar Einarsdóttur kennara.

**Ball:** Dagný greindi frá dansleik sem skólinn mun standa fyrir miðvikudaginn 12. maí í Víkingasal Hótel Loftleiða. Þar mun skólahljómsveitin, Svitabandið, spila.

**List án landamæra:** Dagný greindi frá því að nemendur 10 bekkjar munu flytja tónlistaratriði í húsi Orkuveitunnar um næstu helgi. Er það hluti af verkefninu List án landamæra.

**Veiðiferð:** Fulltrúar nemenda sögðu frá veiðiferð sem þeir höfðu farið í um morguninn í Elliðaárna. Veiðiferðin var í boði Orkuveitunnar.

**Vorhátíð:** Dagný greindi frá því að fyrirhugð er að flytja vorhátíðina fram um viku. Vorhátíðin verður þá laugardaginn 29. maí.